

Skýrsla starfshóps um leikskólamál



Unnin í febrúar - mars 2019

Elfar Steinn Karlsson

Guðrún Eggertsdóttir

Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir

Efnisyfirlit

Tilurð starfshópsins.....	2
Vinnuplan og markmið starfshóps	2
Samantekt á vinnu starfshópsins	2
Þörf á rými	4
Barnafjöldi	7
Þörf fyrir stækkun	8
Tillaga 1	12
Tillaga 2	17
Tillaga 3	20
Tillaga 4	23
Tillaga 5	25
Heimildaskrá.....	35

Tilurð starfshópsins

Á 862. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þann 29. Janúar 2019 var eftirfarandi bókun gerð;

1. Dagskrárliður: Araklettur - skipan starfshóps

Skipaður starfshópur um leikskólamál á Patreksfirði í ljósi þess að fyrirséð er að ekki verður hægt að taka við börnum inn á leikskólann Araklett ef ekkert verður gert. Leikskólinn er fullur og munu einungis þrjú börn hefja grunnskólagöngu í Patrekskóla í haust en mun fleiri börn bíða eftir leikskólaplássi. Starfshópurinn skipa, Elfar Steinn Karlsson, forstöðumaður tæknideildar, Svanhvít Skjaldardóttir, starfsmaður félagsþjónustu, og Guðrún Eggertsdóttir, formaður fræðslu- og æskulýðsráðs. Bæjarráð óskar eftir því að hópurinn skili tillögum til bæjarráðs fyrir 1. mars 2019.

Vinnuplan og markmið starfshóps

Starfshópurinn kom saman til fyrsta fundar 4. febrúar 2019. Á þessum fyrsta fundi var skipulag komandi vinnu rætt. Starfshópurinn taldi nauðsynlegt að setja sér vinnuplan þar sem tíminn var knappur ásamt því að skilgreina hverjar áherslur starfshópsins ættu að vera fyrir komandi tillögugerð. Eftirfarandi áherslur voru í forgangi við vinnuna framundan:

- Hagsmunir barnanna
- Vinnuumhverfi starfsfólks
- Fjárhagur sveitarfélagsins

Samantekt á vinnu starfshópsins

Starfshópurinn fundaði á tíu formlegum fundum á vinnutímabilinu ásamt því að vinna bæði saman og sitt í hvoru lagi. Til að halda utan um vinnuna var verkefnið sett upp í One Note og reyndist það vel til að halda utan um hugmyndavinnuna, taka gögn saman og upplýsa jafnframt meðlimi um framvindu þeirra verkefna sem skipt var á milli einstaklinga. Í upphafi vinnunnar var verkefnið skilgreint ásamt því að lagður var grunnur af möguleikum af lausnum. Fundirnir voru haldnir í ráðhúsi Vesturbyggðar að undanskildum fundi með skólastjóra Patrekskóla, sem haldinn var í grunnskólanum. Starfshópurinn fór einnig í vettvangsferð um grunnskólann að loknum fundinum.

Meðlimir starfshóps höfðu einnig nýverið farið að skoðað húsnæði leikskólans. Fundað var í upphafi vinnunnar með skólastjórnendum leikskólans Arakletts og Patreksskóla en starfshópurinn taldi rétt að hefja vinnuna með því að funda með skólastjórnendum og fá upplýsingar um núverandi stöðu skólanna og viðhorf þeirra til vinnunnar sem framundan væri. Í framhaldi var aflað var upplýsinga um húsnæði, innra skipulag skoðað út frá teikningum og stærðarhlutföllum og hvaða mögulegu tækifæri væru til þess að nýta núverandi rými. Á næstu fundum starfshóps var upplýsinga aflað í tengslum við mögulegar viðbyggingar, nýbyggingar, tölulegar upplýsingar um fermetrafjölda, kostnað og fl. Starfshópurinn fundaði einnig með Krístrínu Lind framkvæmdastjóra Tröppu sem veitti upplýsingar og ráðgjöf í tengslum fyrirhugaðar breytingar út frá því sem þau hafa unnið með skólunum og gat bent starfshópnum á hvaða viðmið væru notuð í öðrum sveitarfélögum og hvernig þessi mál hefðu verið leyst annarsstaðar. Því næst átti starfshópurinn fund með Birnu Friðbjörtu Hannesdóttur sem stundar nám í stjórnun menntastofnanna við HÍ, ásamt því að vera kennari við Patreksskóla. Kynnti hún fyrir starfshópnum verkefni sem hún hefur unnið að í skólanum tengt hugmyndum að endurskipulagningu grunnskólans. Starfshópurinn átti einnig símafund með Ómari Guðmundssyni frá fyrirtækinu Seve Ehituse As sem flytur inn einingahús frá Eistlandi, sá fundur sneri að möguleikanum á viðbyggingu við leikskólann og nýbyggingu. Safnað var upplýsingum frá öðrum sveitarfélögum um fyrirhugaðar nýbyggingar og útboð til að áætla kostnað við byggingu leikskóla. Í lok vinnunnar fundaði starfshópurinn nokkrum sinnum óformlega til þess að taka saman niðurstöður og gera drög af greinargerð. Starfshópurinn óskaði eftir viku fresti á skilum greinargerðarinnar til þess að hafa tök á að funda með skólastjórnendum leik- og grunnskóla áður en tillögum yrði skilað til bæjarráðs. Frestur var veittur til 8. mars frá bæjarstjóra.

Greinargerð og tillögum var skilað 8.mars fyrir fund bæjarráðs 12.mars 2019.

Í framhaldi verða tillögur og ákvarðanir bæjarráðs væntanlega kynntar í foreldraráði leikskólans eins og kemur fram í 11. gr. laga nr 90/2008 um leikskóla en þar kemur fram að hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Tillögurnar verða væntanlega jafnframt lagðar fram til umræðu í fræðslu- og æskulýðsráði áður en þær fara aftur til umræðu í bæjarstjórn.

Pörf á rými

Núverandi húsnæði leikskólans Arakletts er 340 m². Skv. 2 gr. reglugerðar um starfsemi leikskóla (nr. 225/1995) sem nú hefur verið felld úr gildi, var miðað við brúttó 7 m² og 3 m² leikrými per barn. Þessi nálgun er ennþá samt höfð til hliðsjónar og notuð til viðmiðunar:

- 2. gr. Húsnæði leikskóla skal miðað við 7,0 m² brúttó fyrir hvert barn samtímis í leikskóla utan þess tíma sem hópar skarast, þar af verði nettó leik- og kennslurými a.m.k. 3,0 m² fyrir hvert barn.*

Leikskólinn rúmar því skv. brúttó m² tölu 49 börn miðað við 7 m² per barn. Leikrými er 146,2 m² og skv. því rúmar leikskólinn einnig 49 börn ef miðað er við 3 m² per barn skv. gömlu reglugerðinni. Í dag eru 53 börn á leikskólanum og samkvæmt leikskólastjóra hefur verið miðað við 3,2 m² leikrými per barn og Araklettur er því sagður rúma 46 börn eða 7 börnum ofaukið.

Samkvæmt núgildandi reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (nr.655/2009) er í 6.gr. sagt svo um fjölda barna:

6. gr. Fjöldi barna. Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólustarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Til að ná markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrár skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram. Huga ber sérstaklega að því að börn með sérþarfir geti eftir atvikum þurft aukið rými svo sem vegna nauðsynlegra stoðtækja. Sveitarfélögum er heimilt að binda leyfi sveitarfélags til annarra rekstraraðila við ákveðinn hámarksfjölda barna, sbr. 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Að öðru leyti fara rekstararaðilar með ákvörðun um fjölda barna, sbr. 1. mgr.

Samkvæmt upplýsingum frá Krístrúnu Lind Birgisdóttur hjá sérfræðipjónustu Tröppu er það ekki beint sagt í núverandi reglugerð hversu margir fermetrar eru hæfilegir í leikskólustarfi. Mismunandi er á milli sveitarfélaga hvaða viðmið sveitarfélögin hafa sett sér en samt sem áður er reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (nr.225/1995) höfð til hliðsjónar. Hafnafjarðarbær og Kópavogur hafa notað viðmið í kringum 3,5 fermetra per barn. Akureyrarbær er að endurskoða sín viðmið og þeirri vinnu er ekki lokið en vænta má niðurstöðu og stefnu í þessum málum um

mánaðarmótin apríl-maí 2019. Við gagnaöflun starfshópsins kom það berlega í ljós hversu mismunandi viðmið er stuðst við og víða er heldur þröngt um suma barnahópa líkt og raunin er hér á Arakletti . Eins og staðan er í dag, eru 2,76 m² per barn. Jafnframt kom í ljós t.d. að leikskólakennarar mæla almennt með að lágmarki 3.5 m² per barn. Í frétt um bréf sem leikskólakennarar á Akureyri sendu til bæjarsýfirvalda benda þeir á hversu mikilvægt er að skoða heildarskipulag barnanna og flæði á milli rýma og þann tíma sem börnin eru að eyða í hlutfallslega stóru eða litlu rými - og heildarvistunartíma þar að auki. „Plássleysið hefur, að mati leikskólakennara bein áhrif á þætti eins og geðtengsl, einbeitingu, kvíða, félagsþroska og málþroska barna“. (Þröstur Ernir Viðarsson, 2019).

Tölur : Viðmið og barnafjöldi

STAÐAN			
dags.	Barnafjöldi	Heildareikrými	Leikrými pr. barn
febrúar 2019	53	146,2	2,76
haustið 2019	58	146,2	2,52

	Fermetrar per barn í leikrými	Barnafjöldi sem leikskólinn rúmar	Barnafjöldi		
			53	58	60
Viðmið skv. gömlu reglugerðinni	3	49	-4	-9	-11
Viðmið sem leikskólastjóri hefur notað	3,2	46	-7	-12	-14
Viðmið sem mælt er með í dag.	3,5	42	-11	-16	-18

Í febrúar 2019 eru 53 börn í leikskólanum, m² fjöldi per barn er 2,76 m². Næsta haust er talið að það verði óskað eftir leikskóladvöl fyrir 58 -60 börn á Arakletti. Það þýðir að m² fjöldi per barn verður 2,52 -2,43 næsta haust. Það þykir almennt óásættanlegt og of lítið rými per barn. Þannig er samkvæmt áætluðum fjölda barna að það verði 12 -14 börnum ofaukið í leikskólanum ef við miðum við ásættanlega 3.2 m² per barn. Ef miðað er við 3,5 m² per barn sem er það viðmið sem almennt er mælt með í dag, rúmar Araklettur ekki nema 42 börn. 11 börnum of mikið í feb. 2019 og 16 - 18 börnum of mikið haustið 2019.

Með vísun í 6. gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla (nr.655/2009) leggur starfshópurinn því til að Vesturbyggð setji sér viðmið um 3.5 m² lágmarks leikrými per barn. Í tillögum okkar er það viðmið notað til að reikna út æskilega m² þörf á Arakletti.

Tafla : Stærð Arakletts og æskilegur barnafjöldi m.v. núverandi leikrými 146,2 m2.

	Stofa 1	Stofa 2		m2	2,52	2,76	3	3,2	3,5
Kot	47			47	19	17	16	15	13
Klettur	24,3	25,3		49,6	20	18	17	16	14
Krókur	24,3	25,3		49,6	20	18	17	16	14
				146,2	58	53	49	46	42

Barnafjöldi

Hér má sjá töflu um skiptingu árganga á Patreksfirði og Barðaströnd, en börnin á Barðaströnd hafa verið að sækja leikskólann á Patreksfirði og því eru þau tekin með í heildarfjölda barna við Araklett. Fjöldinn verður því að óbreyttu 59 börn næsta haust. Rétt þykir því að miða við að leikskólinn þurfi að rúma amk. 60 börn.

Tafla . Árgangar á Patreksfirði og Barðaströnd

Árgangar	Patreksfjörður	Barðaströnd	
2018	9	1	
2017	13	1	
2016	12	1	
2015	5	1	
2014	14	2	Elsti árgangur 2019-2020
	53	6	59
2013	3	0	Þessi börn byrja í skóla næst haust 2019.
2012	12	1	2 bekkur
2011	10	0	3. Bekkur
2010	6	0	4. bekkur
2009	13	0	5. Bekkur

Á meðan á vinnu starfshópsins stóð barst erindi til fræðslunefndar frá foreldrum barna á Barðaströnd þar sem þau vilja að skoðað verði að opna leikskóla í Birkimel. Ef opnuð yrði deild í Birkimel myndi það fækka börnum um 6 á Arakletti næsta haus. Jafnframt bárust upplýsingar um að nýverið fluttu 2 börn á Barðaströnd, fædd 2014 og 2018. Ef miðað er því út frá því að

heildarbarnafjöldi aukist því um 2 til viðbótar næsta haust yrði heildarfjöldi 61 barn í Arakletti haustið 2019. Ef börn á Barðaströnd yrðu á sér deild á Birkimel yrðu 53 börn í leikskólanum næsta haust. Alltaf má gera ráð fyrir sveiflum í árgöngum og íbúapróun er ekki fasti sem hægt er að horfa til. Ef skoðað er meðaltal undanfarin ár og skv. upplýsingum leikskólastjóra þykir starfshópi rétt að miða við 10 börn í árgangi og að stærð leikskólans Arakletts verði áætlað að þurfi að horfa til vistunar fyrir ca. 60 börn í leikskólanum. Hvort heldur verði deild í Birkimel eða ekki.

Þörf fyrir stækkun

		Barnafjöldi		
146,2	m2 leikrými	53	58	60
3,5		185,5	203	210
	m2 sem vantar upp á:			
3,5		-39,3	-56,8	-63,8

Þörf er á að bæta við núverandi leikrými að lágmarki um 39,3 m2. Ef barnafjöldinn verður 58 börn næsta haust þarf að bæta við 56,8 m2. Ef við horfum til þess að Araklettur eigi að taka við 60 börnum að meðaltali næstu árin þarf að horfa til stækkunar á leikrými um 63,8 m2.

Heildar stærð Arakletts að stoðrymum meðtöldum yrði þá að vera eftirfarandi:

		1	2	3
	Fjöldi Barna:	53	58	60
3,5	Leikrými n*3,5 m2	185,5	203	210
7,0	Heildar m2 tala n*7 m2	371	406	420
	Stækkun úr 340 m2:			
	Leikrými n*3,5-146,2	39,2	56,8	63,8
	Heildarstærð n*7-340	31	66	80
	Stoðrymi	0	9,2	25,4

1. Endurskipuleggja mv. 53 börn, þörf á stækkun leikrýmis um 39,2 m² en ekki þörf á stækkun stoðrýma.
2. Endurskipuleggja mv. 58 börn, þörf á stækkun leikrýmis um 56,8 m² og stoðrýma um 9,2 m²
3. **Endurskipuleggja mv. 60 börn, þörf á stækkun leikrýmis um 63,8 m² og stoðrýma um 25,4 m².**

Ef við notum viðmið 3.5 m² per barn og 60 börn verði að meðaltali í leikskólanum og horfum þannig til framtíðar að þeim muni ekki fækka, er þörf á viðbótar leikrými upp á 63.8 m². Er þá ekki verið að gera ráð fyrir mikilli aukningu íbúa eða fjölgun barna í sveitarfélaginu. Þá getum við einnig haft til hliðsjónar að vera með 12 mánaða deild inni í þeim tölum.

Þá er ótalið stoðrýmin sem að mati leikskólastjóra þarf að bæta úr:

- a. Kaffistofa starfsmanna
- b. Eldhús fyrir 50-60 börn og 19 starfsmenn er of lítið
- c. Undirbúningsherbergi kennara vantar
- d. Sérkennslurými stækkun, ekki heppileg staðsetning og er innangengt úr kaffistofu starfsmanna með tilheyrandi truflun
- e. Bætt skiptiaðstaða fyrir yngstu börnin
- f. Stærra anddyri fyrir Kot
- g. Hópsalur, samkomusalur of lítil
- h. Geymslur
- i. Vagnageymsla

Starfshópurinn tekur undir það með leikskólastjóra að rétt er að horfa til þess að bæta úr starfsmannaaðstöðu á fjölmönnum vinnustað eins og Araklettur er. Starfsánægja starfsfólks skiptir verulegu máli og starfsmannavelta er afar slæm fyrir starfseminna og börnin. Starfsmenn leikskólans eru 19 talsins og kaffistofa starfsmanna er 11,6 m². Starfsmenn eru aldrei allir saman í kaffi en samt sem áður er rýmið talið of lítið og hentar illa að vera við hlið sérkennslustofunnar, hvað varðar umgang og ónæði fyrir starfið í sérkennslunni.

Sérkennslurými er talið ásættanlegt en bæta þarf undirbúningsaðstöðu fyrir kennara. Það gæti gengið að nýta það rými sem er núverandi kaffistofu starfsmanna ef kaffistofan yrði færð út út núverandi húsnæði í færanlega aðstöðu eða viðbyggingu.

Þegar skoðuð er þörf fyrir viðbyggingu þyrfti hún því að vera að lágmarksstærð $7 \text{ m}^2 * 60 \text{ börn} = 420 \text{ m}^2$. Viðbyggingin yrði því að vera $420 \text{ m}^2 - 340 \text{ núverandi stærð} = 80 \text{ m}^2$ viðbygging að lágmarki. Því þótti starfshópnum rétt að skoða viðbyggingu sem væri amk. 80-100 m² en eftir að hafa fundað með byggingaraðila þá er lágmarks byggingarmagn á nýju húsi amk. 150 m² og til þess að fá byggingaraðila með flokk til að fullklára húsið tilbúið til notkunar yrði lágmarksstærð þess að vera 200 m².

Í framhaldi þótti rétt að skipta verkefninu upp í fimm verkhluta sem hver og einn kæmi til greina sem hugsanleg lausn á vanda Arakletts næsta haust. Í fyrsta lagi að skoða hvort hægt væri að breyta núverandi rými til að fá fleiri fermetra. Í öðru lagi að skoða hvaða önnur rými sveitarfélagið hefði úr að ráða sem hægt væri að nýta fyrir leikskólann. Í þriðja lagi að skoða færanlegar lausnir, gáma eða færanlegar kennslustofur, í fjórða lagi að skoða viðbyggingu og hvaða stærð hún þyrfti að vera og að lokum að skoða kostnað við að byggja alveg nýjan leikskóla og skoða hvað æskilegt væri að hafa hann stóran.

Starfshópurinn hafði jafnframt í huga hvort horfa ætti til frekari fjölgun íbúa og enn frekari stækkun væri nauðsynleg með það fyrir augum að hægt væri að búa til 12 mánaða deild í leikskólanum. Sveitarfélagið gæti þannig lagt sitt að mörkum að því að brúa þannig bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla sem hefur verið mikið í umræðunni ekki síst hér þar sem erfiðlega hefur gengið að fá dagforeldra til starfa hér á Patreksfirði til margra ára, sem starfa með tilskildum leyfum. Sveiflur í árgöngum er vandamál sem skapar fjölþættan vanda hvort heldur er stærð leikskólans, en ekki síst til þess að fá fólk til að skuldbinda sig sem dagforeldri með ótryggum tekjum. Að skapa svigrúm til að gera 12 mánaða deild er líka hægt með því að færa elstu árgangana í annað húsnæði og fækka þannig nemendum í Arakletti að nýta hann sem yngri barna leikskóla og líta þar með á hann sem leikskóla fyrir 1- 4 ára börn.

Tillögurnar eru settar fram í 5 liðum.


- 1. Núllkostur, endurskoða núverandi rými.**
- 2. Stækkun með færanlegum lausnum, gámar eða færanlegar kennslustofur**
- 3. Viðbygging við núverandi byggingu**
- 4. Nýr leikskóli**
- 5. Færa elsta árgang leikskóla í húsnæði Patreksskóla**

Tillaga 1


Fyrsta verkefni starfshópsins var að skoða hvort hægt væri að endurskipuleggja frekar núverandi húsnæði m.t.t. til aukins fjölda barna. Húsnæði leikskólans er að mati leikskólastjóra fullnýtt. Starfshópurinn tekur undir það sjónarmið leikskólastjóra og starfsfólks. Leikskólastjórnendur hafa með mikilli lagni náð að nýta húsnæði leikskólans til hins ýtrasta að mati starfshópsins og eiga hrós skilið fyrir það. Leikskólastjóri hefur áður komið með tillögur að breytingum á húsnæði til að svara þörfinni betur.

1. Taka salernið á Króki undir leikrými, hvíldarherbergi eða listasmiðju o.fl. Breyta þyrfti þá salerni á annarri hvorri deildinni Kletti eða Króki í aðstöðu fyrir báðar deildirnar. Tvískipta öðru salerninu, með tveimur salernum báðum megin og samnýta fyrir Krók og Klett. Þar myndu nást auka 9,6 m² í leikrými en minnkar hreinlætisaðstöðu barnanna á móti.
2. Búa til þriðja rýmið á milli ystu herbergja Kletts og Króks þar sem fram gæti farið starf fyrir báðar deildir. Það myndi aftur á móti ekki bæta við núverandi m² fjölda leikrýmis og ekki leysa þann vanda sem við stöndum frammi fyrir og er það ekki skoðað frekar þess vegna.

Mynd: Salerni á Króki og Kletti fyrir tillögu um breytingu.



Mynd: Salerni á Króki og Kletti eftir tillögu um breytingu



Starfshópurinn telur jafnframt rétt að skoða eftirfarandi:

3. Að opna upp á loftið, eins og var áður nýtt sem leiksvæði og auka þannig leikrými fyrir elstu börnin í leikskólanum, að því gefnu að elstu börnin færist yfir á Krók. Útbúa þyrfti neyðarútgang til að mega nýta rýmið skv. brunareglugerð og vinnueftirliti. Leikloft sambærilegt er nýtt á öðrum leikskólum að uppfylltum þeim skilyrðum. Við það myndi leikrými aukast um 8 m².
4. Færa eldun hádegismats úr húsinu, fá aðsendan mat í hádeginu, núverandi eldhús yrði nýtt sem framreiðslueldhús. Við þetta næst m.a. betri nýting á geymslu í tengibyggingu en þar eru kælar o.fl.

Heildar aukning á leikrými sem hægt væri að ná fram í núverandi húsnæði væri því


9,6 + 8 = 17,6 m².

Þessar breytingar einar og sér myndu því ekki duga til að mæta þörf fyrir aukið rými.

Ábendingar í tengslum við nýtingu húsnæðis:

1. Starfshópurinn bendir jafnframt á að skoða að færa yngstu börnin í Kot og eldri börn verði á Kletti og Króki, en þannig má auka hreyfanleika milli deildanna í daglegu starfi og aldursskipting verði auðveldari.
2. Með því að færa yngstu börnin yfir á Kot til þess að skapa þessa 17.6 m². hefur það í för með sér að bæta þarf skiptiaðstöðuna og stækka anddyrið í Koti. Hægt væri að setja millivegg inn á Kot og afmarka deildina (sjá mynd fyrir neðan) og stækka þannig anddyri og wc og búa til pláss fyrir skiptiaðstöðu með því að útbúa nýjan vegg meðfram gangi á starfsmannagang. Með þeirri breytingu minnkar samt leikrými úr 47 m² í 38,8 m². Þar myndi vera deild fyrir 11 börn.

Mynd : Nýting á Koti, stækkun anddyri og salernis með skiptiaðstöðu.



3. Leikrými á Koti er bara eitt rými. Til þess að nýta rýmið betur og útbúa hvíldaraðstöðu væri mögulegt að stúka það frekar niður með skilrými sem einnig væri hægt að nota bæði sem hvíldar og leikrými. Það yrði að vera gert með glugga svo hægt væri að fylgjast með börnunum í svefnrými og rýmið myndi vera vistlegra með því að hafa það ekki aflokað.

4. Gólfkuldi er talið vandamál inni á Koti og væri því hægt að skoða lausnir eins og mottur og svefnbekki.
5. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er þörf fyrir aukið rými fyrir barnavagna. Þeir taka mikið pláss á gangi í anddyri Kletts. Ef það er nauðsynlegt að geyma þá inni væri hægt að byggja bíslag milli húsanna, Kot og eldhúss. Einnig bendir starfshópurinn á þá staðreynd að á mörgum leikskólum er einungis í boði fyrir börnin að sofa inni.
6. Eftir fund starfshópsins með Krístrínu Lind, framkvæmdastjóra Tröppu komu fram hugmyndir að hægt væri að minnka álag á deildunum hluta úr degi með því að breyta aðeins innra starfi leikskólans. Þá er hægt að teygja fastann með m² per barn. Þar væri sá möguleiki að elstu árgangarnir nýttu önnur húsnæði sveitarfélagsins oftar en er gert núna. Í því samhengi komu fram hugmyndir að nýta á morgnana húsnæði lengdu viðverunnar eða íþróttahúsið hluta úr degi. Með því myndi skapast aukið rými fyrir yngri árgangana á leikskólanum og þannig hægt að létta álag á öðrum deildum. Þetta væri fljótgert ef vilji er fyrir hendi en þarfnast nánari skoðunar.

- *Íþróttaskólinn*
- *Lengd viðvera*
- *Bókasafn*
- *Meiri útivist*

Hægt er að breyta lítilsháttar núverandi húsnæði og nýtingu húsnæðissins en sú endurskipulagning eins og sér leysir ekki kröfur um nægjanlegt leikrými per. barn að fullu að mati starfshópsins. Ekki er heldur er talið nægjanlega hægt að bæta stoðrými eins og td. kaffistofu starfsmanna og/eða undirbúningsherbergi í núverandi húsnæði.

Hægt væri að fjölda nemendum samkvæmt eftirfarandi töflu eftir því hvaða viðmið er notað. Eins og áður sagði er mælt með 3.5 m² per barn og því eingöngu hægt að færa til árganga fækka á Koti og fjölga á Króki, en æskilegur heildarfjöldi barna yrði ekki fleiri en 44-45 börn mv. 3.5 m² per barn.

	Stofa 1	Stofa 2		m2	2,76	3	3,2	3,5
Kot	47			47	17	16	15	13
Klettur	24,3	25,3		49,6	18	17	16	14
Krókur	24,3	25,3		49,6	18	17	16	14
				146,2	53	49	46	42

	Stofa 1	Stofa 2	Breytingar	m2	2,76	3,00	3,20	3,50
Kot	47		-8,2	38,8	14	13	12	11
Klettur	24,3	25,3		49,6	18	17	16	14
Krókur	24,3	25,3	17,6	67,2	24	22	21	19
			Heildarleikrými	155,6	56	52	49	44

Tillaga 2

Ein leið sem starfshópurinn skoðaði var að setja niður færnanlegar einingar, skrifstofugáma eða færnanlega kennslustofu, er það þá hugsað sem frístandandi hús. Færnanlegar kennslustofur eru yfirleitt hugsaðar sem tímabundnar lausnir á húsnæðisvanda skóla og til að taka kúf í nemendafjölda eins og við horfum hugsanlega fram á núna. Ef gert er ráð fyrir að barnafjöldi leikskólans haldist tiltölulega stöðugur um 60 börn og það verði áframhaldandi fjölgun íbúa er þetta kanski álitlegasti kosturinn nema litið sé á þetta sem framtíðarlausn. Stækkun leikskólans um Kot var gerð með þessum hætti.

Horfum aftur á stækkunar þörfina. Heildar m² tala Arakletts að stoðrymum meðtöldum væri þá 63,8 m². leikrymi og 25.4 m² stoðrymi mv. 60 börn og 3.5 m² per barn í leikrymi.

	Fjöldi Barna:	53	58	60
3,5	Leikrymi n*3,5 m ²	185,5	203	210
7,0	Heildar m ² tala n*7 m ²	371	406	420
	Stækkun úr 340 m ² :			
	Leikrymi n*3,5-146,2	39,2	56,8	63,8
	Heildarstærð n*7-340	31	66	80
	Stoðrymi	0	9,2	25,4

Frístandandi gáma einingar

Einn möguleiki væri að setja niður þrjár færnanlegar einingar, 20ft skrifstofugáma, hver 15m² að stærð. Gámana væri hægt að staðsetja á bílastæði framan við leikskólann, hver gámur tekur u.þ.b. eitt bílastæði og væri þetta frístandandi eining. Hægt væri að færa sérkennslurýmið og undirbúning ásamt kaffistofu starfsmanna yfir í gámana.

Þá væri hægt að endurheimta sérkennslustofu og núverandi kaffistofu þannig sem leikrymi. Með því myndu nást 23,2 m² viðbótar leikrymi.

Þessi breyting ásamt þeim valkosti að breyta salerni á Króki/Kletti myndi þá gefa 32,6 m² heildar leikrými, þá væri heildarleikrými fyrir börn leikskólans orðið 179 m² og þannig pláss fyrir 51 barn m.v. 3,5m² per barn. Kaupa þyrfti 2 gáma til viðbótar og nýta sem leikrými til að fá þá m² sem upp á vantar til að leikskólinn rúmi 60 börn. 5 gáma , hver að stærð 15 m² , alls 75 m².

Leikrými eftir breytingar í tillögu 1	155,6
Nýtt leikrými í Arakletti/ sérk.+kaffist.	23,20
Færanlegir gámar leikrými	30,00
Heildarleikrými:	209
Barnafjöldi	60

Nokkur fyrirtæki eru að selja snyrtilegar gámaeiningar td. Emerald og Stólpi Gámar. Ekki barst verð frá Emerald í tæka tíð fyrir skil á tillögum starfshópsins en kostnaðartölur bárust frá Stólpa Gámum. **Verð á 75 m² gámaeiningum frá Stólpa Gámum er um 6,3 milljónir kr auk vsk. án flutnings og uppsetningar.**



Mynd: Skrifstofugámur frá Emerald.

Færanleg kennslustofa

Annar möguleiki væri að fá frístandandi kennslustofu, Þá væri í raun hægt að bæta við heilli deild við leikskólann, þessi lausn leysir samt sem áður ekki vandann við aðbúnað starfsfólks sem og viðtalsherbergi. Þegar skýrslan er skrifuð er til sölu notuð 65 m² kennslustofa í Hafnarfirði fyrir 5,5 millj, flutningskostnaður er áætlaður um 1,0 millj og kostnaður við uppsetningu (Sökklar, rafmagn, frárennsli, neysluvatn.) Einnig hefur Akur ehf. til sölu nýjar 75 m² kennslustofur svipað

útbúnað og Kot. Samkvæmt upplýsingum frá Akri kostar tilbúin kennslustofa 18-19 millj m/vsk og verð miðast við að hún væri afhent á Akranesi. Flutnings- og uppsetningarkostnaður er álfka og á stofu sem er í boði í Hafnarfirði núna sem gerir heildarkostnað um 20 milljónir kr.

Leikrými eftir breytingar í tillögu 1.	155,6
Færanleg kennslustofa 75 m ²	75,00
Heildarleikrými:	231
Barnafjöldi	66
Leikrými eftir breytingar í tillögu 1.	155,6
Færanleg kennslustofa 65 m ²	65,00
Heildarleikrými:	221
Barnafjöldi	63

Kostir:

- Tiltölulega einfalt í framkvæmd, ódýr kostur samanborið við nýbyggingu.
- Hægt að stækka í áföngum. Góð sem tímabundin lausn, meðan unnið er að varanlegri lausnum.
- Tímarammi væri nægur fyrir haustið.

Gallar:


- Ekki innangengt á milli bygginga.
- Oft vanáætlaður kostnaður sem kemur í ljós síðar við tengingu við núverandi húsnæði sbr. kostnað við Kot.
- Tímabundið húsnæði er sjaldnast tímabundið, heldur er talið líklegt að það verði til þess að fleira verður ekki gert að mati leikskólastjóra.
- Fagurfræðilega séð ekki samræmi í útliti á húsnæði með ósamstæðum viðbyggingum.
- Viðhald og ending húsnæðis.

Tillaga 3

Starfshópurinn tók næst til skoðunar að stækka núverandi leikskóla með varanlegu húsnæði. Núverandi húsnæði er eins og áður hefur komið fram 340 m². Miðað er áfram við þörf fyrir rými fyrir 60 börn á leikskólanum. Lágmarksstærð 7 m² brúttó * 60 börn = 420 m² lágmarksstærð. 420 m² heildarstærð lágmark - 340 núverandi stærð Arakletts = 80 m².

Lágmarks viðbygging 80 m² að stærð. Með því að stækka leikskólann um 150 m² væri auk þess hægt væri að taka í notkun aðra deild, jafnvel frá 12 mánaða aldri.

Huga þarf vel að tengimöguleikum við núverandi húsnæði. Horft var til þess fyrst að setja viðbyggingu við endann á Arakletti næst götu þar sem það væri mesta plássíð bæði inn á lóðina og í áttina að opna svæðinu en horfið var frá því að svo stöddu þar sem það takmarkast við núveandi rými og nýtingu, skerðir glugga og skerðir núverandi aðstöðu á Króki og Kletti.



Hentugra væri að tengja við núverandi húsnæðin við skrifstofu leikskólastjóra eða tengibyggingu við Kot og horft til þess að deildin hefði aðgengi að leiksvæði á lóðinni þar í gegn en ekki bæta við umferð núverandi inngang. Leikskólastjórastjóri lagði það til að ef farið yrði í viðbyggingu að

Þá yrði Kot fjarlæggt og viðbygging kæmi þá í staðinn. Starfshópurinn tekur undir það með leikskólastjóra að það væri heppilegra að skoða það með arkitekt að taka Kot og stækka 150-200 m² þvert á þá lóð sem losnar.



Með viðbyggingu væri hægt að bæta við eldhúsi með góðu aðgengi að vörumóttöku, bætt starfsmannaaðstaða, skápar og kaffistofa, ásamt því að taka í notkun sal svo eitthvað sé nefnt.

Heildarþörf viðbyggingar er því áætluð amk. 150 m².

Heildarkostnaður við 150m² viðbyggingu væri um 60 - 70.000.000 að lágmarki og er þá miðað við einingarhús frá SEVE sem tengt yrði með gangi á milli húsa. Þó er talsverð óvissa með þessa leið þar sem eftir á að ákvarða um staðsetningu húss, efnisvali að innan og utan, kröfur um hljóðvist, brunavarnir, útlit o.fl. Tímarammi við einingahús frá SEVE frá því ákvörðun um kaup liggja fyrir er áætlaður 12-16 vikum þar til hús er komið á staðinn og til viðbótar 12 vikur að fullklára húsið. Tímaáætlun fer að öðru leyti eftir því hvenær ársins verkið er unnið en áætla má að hús gæti verið risið í sept/ okt og fullklárað okt / nóv 2019. En þá þarf ákvörðun um kaupin að vera gerð í mars 2019.

Nýverið var boðin út stækkun leikskólans Eyrarskjóls á Ísafirði, um var að ræða 257 m² stækkun, fjögur tilboð bárust og voru þau á bilinu 225.000.000 til 281.000.000.

Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 190.000.000. Þar var einnig endurinnréttað hluta af eldra húsi, eldhúshluta. Innifalið í verkinu voru líka lagfæringar á eldri hluta, klæðningar, gólfefni og loftræstikerfi í öllu húsinu. Viðbyggingin er staðsteypt, veggir, bitar og botnplata.

Kostnaðartölur verða ekki útfærðar frekar í þessari skoðun en gefnar eru þessar tölur til viðmiðunar miðað við samanburð á verkefnum sem eru í gangi núna.

Staður	tegund	stærð	kostnaður	kr/m2	aths.
Bolungarvík	Viðbygging	307	249.000.000 ISK	811.075 ISK	Hluti eldra húss endurnýjaður
Ísafjörður	Viðbygging	257	225.000.000 ISK	875.486 ISK	Hluti eldra húss endurnýjaður
Bláskógabyggð	Nýbygging	560	400.000.000 ISK	714.286 ISK	Nýr leikskóli með leikskólalóð.

Kostir við viðbyggingu:

- Hægt væri að halda skólastarfi áfram þó viðbygging væri í byggingu.
- Aukin rými (fullnægir rýmiskröfum)

Gallar við viðbyggingu:

- Annaðhvort yrði að skerða skólalóð eða bílastæði
- Mögulega yrði erfitt að tengja við núverandi leikskóla.

Tillaga 4

Í fjórðu tillögunni voru skoðaðar tvær útfærslur, annarsvegar innflutt einingahús frá SEVE og hinsvegar var kannaður kostnaður við staðsteyptan leikskóla.

Samkvæmt upplýsingum frá Ómari Guðmundssyni umboðsmanni SEVE á Íslandi er áætlaður kostnaður við byggingu nýs leikskóla um 220.000-280.000 kr/m². Við bætist 24% virðisaukaskattur. Þetta er á talsvert stóru verðbili, en efnisval, bæði að innan og utan, kröfur um hljóðvist, brunavarnir og annað hefur mikil áhrif á verðið. Sökklar, jarðvinna og lagnir undir húsin eru ekki innifaldir í verðunum.

Áætlaður heildarkostnaður við hús frá SEVE er á bilinu 250.000.000.- kr til 300.000.000.- kr. Til viðbótar kæmi frágangur leikskólalóðar, gatnagerð, holræsi og vatnslagnir.

Þann 1. janúar s.l. hófust framkvæmdir við nýjan leikskóla Bláskógarbyggðar í Reykholti. Nýr leikskóli er um 560m² að stærð og er áætlaður heildarkostnaður um 400.000.000.- kr. Innifalið í kostnaðartölum er fullfrágangur á húsi og nýrri skólalóð, leikskólinn er ætlaður fyrir 60 börn. Í dag eru um 40 börn á leikskólanum í Bláskógabyggð. Þeir eru að byggja nýjan leikskóla og gera ráð fyrir 50 % fjölgun barna.

Hér værum við þá að tala um að byggja nýjan leikskóla fyrir 90 börn, eða um 840 m² (m.v. sama m² fjölda per barn og í nýjum leikskóla Bláskógabyggðar). Ef við miðum við sömu kr/m² og Bláskógabyggð byggir fyrir þá er áætlaður kostnaður við 840m² leikskóla um 600.000.000.- kr. (~714.000 kr/m²) Auk þess myndi bætast við kostnaður við innviði ef t.d. yrði byggt neðan við Wembley eins og fram hafa komið hugmyndir um. Kostnaðartölur verða ekki útfærðar frekar í þessari skoðun og eiga fyrrgreindar tölur að gefa grófa mynd af mögulegum kostnaði við nýjan leikskóla til viðmiðunar.

Staður	tegund	stærð	kostnaður	kr/m ²	aths.
Bolungarvík	Viðbygging	307	249.000.000 ISK	811.075 ISK	Hluti eldra húss endurnýjaður
Ísafjörður	Viðbygging	257	225.000.000 ISK	875.486 ISK	Hluti eldra húss endurnýjaður
Bláskógabyggð	Nýbygging	560	400.000.000 ISK	714.286 ISK	Nýr leikskóli með leikskólalóð.

Kostir við nýbyggingu

- Að byggt verði í samræmi við nútímakröfur um leikskóla
- Stækkun til framtíðar fyrir 90-100 barna leikskóla
- Öll starfsemi á einum stað
- Ekki viðhaldspörf á nýju húsnæði
- Skilgreint sem nýbyggingarsvæði á Patreksfirði skv aðalskipulagi.

Gallar við nýbyggingu

- Dýr framkvæmd.
- Gatnagerð
- Lagnir og veitur
- Fjarlægð frá núverandi byggð

Tillaga 5

Ein hugmyndin sem starfshópurinn skoðaði var hvort hægt væri að nýta önnur húsnæði sveitarfélagsins undir starfsemi leikskólans. Eins og áður hefur komið fram hefur verið bent á húsnæði lengdrar viðveru og hvernig hægt væri að minnka álag með því að nýta íþróttahúsið frekar. Einnig er vert að skoða að nýta húsnæði grunnskólans með það fyrir augum að elstu nemendur leikskólans gætu verið þar á sér deild en þetta hefur verið gert víða annarrstaðar. Með góðri samvinnu milli leik- og grunnskóla væri hægt að færa elstu nemendur leikskólans í húsnæði skólans. Elstu nemendur á Arakletti haustið 2019 eru 14 talsins, þar að auki eru 2 nemendur á Barðaströnd í þessum árgangi. Þá myndi börnum á leikskólanum fækka um 14 eða 16 næsta haust eftir því hvort börn á Barðaströnd yrðu á sér deild á Birkimel eða hvort þau myndu fylgja áfram jafnöldrum sínum á Arakletti. Eins og áður hefur komið fram fara eingöngu 3 börn í 1. bekk haustið 2019.

Árgangar	Patreksfjörður	Barðaströnd	
2018	9	1	
2017	13	1	
2016	12	1	
2015	5	1	
2014	14	2	Elsti árgangur 2019-2020
	53	6	59
2013	3	0	Þessi börn byrja í skóla haustið 2019.
2012	12	1	2 bekkur
2011	10	0	3. Bekkur
2010	6	0	4. bekkur
2009	13	0	5. Bekkur

Ef elsti árgangur leikskólans færðist upp í húsnæði Patreksskóla yrði barnafjöldinn að öllu óbreyttu 44 -46 börn á Arakletti þegar allur 2018 árgangurinn er kominn inn. Ef elsti árgangur færi í Patreksskóla og börnin á Barðaströnd færu á sér deild á Birkimel yrði barnafjöldinn ca 39-40 börn á Arakletti haustið 2019.

146,2	m2 sem vantar upp á:	39	44	50
3		29,2	14,2	-3,8
3,2		21,4	5,4	-13,8
3,5		9,7	-7,8	-28,8
	Breytingar á Arakletti skv. tillögu 1.	9,6	9,6	9,6
3,5	M2 + umfram / - vantar uppá:	19,3	1,8	-19,2


Með þessari breytingu sem hér er lögð til vantar ekki leikrými í leikskólanum næsta vetur ef miðað er við 3,2 m2 leikrými per. barn eins og verið hefur viðmið fram til þessa, heldur myndi vera umfram m2 fjöldi upp á 5.4 m2. Ef miðað er við 3.5 m2 leikrými per barn vantar enn upp á 7,8 m2 við leikskólann mv. 44 börn í leikskólanum.

Hægt væri að horfa til þess að færa jafnvel elstu 2 árganga leikskólans í skólann hverju sinni ef þörf er á. Ef tveir elstu árgangarnir yrðu færðir frá leikskólanum upp í neðri skóla væru þar aukalega fækkun upp á 5 - 6 börn næsta haust 2019. Þá væru 39 börn í leikskólanum og umfram m2. 21.4 eða 9.7 m2 eftir því hvort viðmiðið væri notað. Með því að fara jafnframt í hluta þeirra breytinga sem lagðar eru til í tillögu 1; að breyta salerni á Krók yfir í leikrými nást fram 9.6, m2 og jafnframt ef tekið yrði í notkun leikloft, ásamt breytingum á Koti, nást fram 8 m2. Hvort heldur er gert þá næst fram lágmarkskrafa um rými pr. barn m.v. 3,5m2.

Við vettvangsskoðun í grunnskólann og fund með skólustjórnendum grunnskólans kemur fram að tvær kennslustofur á 2. hæð efri skólans sem eru ekki í fullri notkun. Er það ma. vegna samkenslu í bekkjum og önnur stofan er notum sem námsver, þar sem venjan er að einn nemandi er í í einu

ásamt stuðningsfulltrúa í fjar -sérfræðipjónustu. Með því að færa 4.bekkin í námsver/ tölvu verið úr neðri skólanum losnar ein skólastofa í neðri skóla. Með frekari breytingum sem lagðar eru til er hægt að liðka fyrir rými á 1. hæð neðri skólans og skapa þannig pláss í þremur stofum, samtals ca. 153 m². undir breytta starfsemi.


Tillaga að nýtingu á 1. Hæð neðri skólans.




Til þessa að hægt væri að færa börnin í Patreksskóla er mælt til að eftirfarandi sé gert:

- Sérútbúa rými á 1. hæð neðri skólans. Tvær skólastofur og myndmenntastofa nýtt undir yngri barna deild. Samtals 153 m².
- Skólastofurnar eru 44 m² og 60 m² samliggjandi í suðurenda 1.hæðar neðra skólahúss, samtals 104 m² fyrir þennan hóp.
- Myndmenntastofa er svipuð að stærð, óregluleg að lögun og er 49m².
- Aðsendur matur kæmi annaðhvort frá mötuneyti eða leikskóla í hádeginu og matast væri í núverandi myndmenntastofu.

- e. Sama prógram væri fyrir börnin og verið hefur á Koti nema færi fram í öðru rými. Einnig væri tækifæri að skoða heildstætt yngri barna nám með áherslu á leik. (4-5 ára, 1, 2 og 3. bekk) með samvinnu leik- og grunnskóla.
- f. Laga þarf leikssvæði barna úti, gera lóðina barnvæna fyrir 5-8 ára börn eins og áður hefur verið kallað eftir.
- g. Lagt er til að taka Skor undir kennarastofur og starfsmannaaðstöðu fyrir Patrekskóla. Bæta þarf starfsmannaaðstöða kennara úr 84 m² í 140 m². fyrir undirbúning, kaffistofu, viðtalsherbergi og fundaraðstöðu.



- h. Núverandi kennarastofur 84m² rými í efri skóla er lagt til að nýta undir verk- og listgreinanám, að þar færi fram handmennta- og myndmenntakennsla.



Kostir :

- Með tillögunni er horft til þess að nýta betur það húsnæði sem sveitarfélagið hefur til umráða og er til staðar. Með betri nýtingu á núverandi húsnæði er svigrúm til nýta fjármagn í nauðsynlegar endurbætur á húsnæði sveitarfélagsins.
- Aukið leikrými per barn yrði í leikskólanum eins og bent hefur verið á að nauðsynlegt sé.
- Verkefnið væri fljótlegt að koma í framkvæmd.
- Fjármagn gæti nýst til að laga leikssvæði barna úti, gera skólalóðina barnvæna fyrir 5-8 ára börn eins og kallað hefur verið eftir.
- Bætt aðstaða kennara með því að taka í notkun stærri hluta af húsnæði sem í dag er undir annarri ótengdri starfsemi. M2 fjöldinn undir starfsemi skólans minnkar ekki.
- Hægt væri að nýta neðri hæðina líka undir frístund eftir að skóladegi lýkur og þannig bæði samnýta húsnæði og mannafla. (Skúra ekki 2-3x. sama daginn fyrir sömu börnin, heldur bara einu sinni.) Spara þannig 1.200.000 kr á ári í húsaleigu til 3. aðila.
- Nálægð við íþróttahúsið og íþróttaskólann eykur tækifæri á frekari nýtingu þess í skólastarfi leikskólabarna.
- Fagmenntaðir kennarar á yngsta stigi.

- Nám í gegnum leik.
- Þekkt verkefni. Önnur sveitarfélög hafa farið sömu leið og eftirfarandi skólar hafa gert sambærilega hluti. Nærtækt er Bíldudalsskóli og Tálknafjarðarskóli. Einnig Glerárskóli, Árskógarskóli og Svalbarðströnd, einnig er stór skóli í Reykjavík sem heitir Dalskóli, þar sem rekin er saman leik- og grunnskóli. Grundarfjarðarskóli er einnig með 5. ára nemendum í grunnskólanum.
- Mönnun í grunnskólanum hefur gengið vel, hátt hlutfall er af fagmenntuðum kennurum og hefur verið til fjölda ára og stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi. Með þessari breytingu nýtist sérþekking kennara í skólanum fyrir elsta leikskólahópinn en við höfum flott kennarateymi á yngsta stigi og reynda stjórnendur sem geta leyst þetta vel úr hendi.

Gallar:

- Nauðsynlegt er að fara í breytingar á skólalóð sem eru kostnaðarsamar.
- Tímaramminn er knappur til að breyta skólastarfi fyrir haustið að mati skólastjóra Patreksskóla.
- Hugsanlegir samstarfsferfiðleikar milli leik- og grunnskóla ef stjórnendur eru ekki samstíga og hliðhollir þessum breytingum.
- Börn fá ekki að upplifa að vera elsta barnið skv. leikskólastjóra. Goggunarröðin er sterk.

Mikilvægt er að ef þessi tillaga yrði fyrir valinu að þetta þarf að gerast með góðri samvinnu leik og grunnskóla. Flæði og samvinna milli skólastiga myndi aukast með þessu en það er vert að hafa í huga að það er í samræmi við skólastefnu Vesturbyggðar.

Tillagan var kynnt leikskólastjóra og skólastjóra Patreksskóla. Leikskólastjóri vill frekar sjá stækkun á leikskólanum heldur en að slíta í sundur skólastarfið og færa börnin annað.

Tillagan var jafnframt kynnt skólastjóra Patreksskóla 7. mars og hann benti á að það þyrfti að umbylta skólastarfinu ef þetta ætti að verða að veruleika. Við nánari skoðun leist honum ágætlega á hugmyndina sem möguleg framtíðarlausn, en hann hafði efasemdir á þetta sem lausn á vandamáli leikskólans strax í haust enda þyrfti að útfæra hugmyndina og undirbúa miklu betur en kostur er á m.v. tíma þar til næsta skólaár hefst.

Það sem styður þessa tillögu er að miklar áskoranir hafa verið undanfarin ár í mönnun á Arakletti og þörf fyrir fagmenntað starfsfólk á leikskólum er þekkt vandamál víða um land. Mikið álag er á leikskólastarfsfólki. Mannauður er á leikskólanum af flottu en ófaglærðu starfsfólki. Undanfarin ár hefur verið unnið gangskör í endurmenntun og gerð starfsmenntaáætlun sem hefur skilað starfsfólki sem hefur farið í leikskólaliðanám.

Einn leikskólakennari er starfandi við leikskólann, í stjórnun.

Leikskólaliðar er 1 í námi.

Einn starfsmaður er í námi í leikskólakennarafræði

Hlúa þarf vel að áframhaldandi starfsmenntun og starfsánægju starfsmanna. Starfshópurinn leggur til að ef þessi tillaga verður fyrir valinu verði samhliða gerðar breytingar á húsnæði Arakletts og starfsmannaaðstaða bætt með kaffistofu í starfsmannarými, eða skrifstofugám þrátt fyrir að fermetra tala segi ekki ein og sér að þess þurfi. Það er samt sem áður nauðsynlegt að bæta starfsmannaaðstöðuna á leikskólanum og aðskilja sérkennslu og kaffistofu starfsmanna.

Nánari hugmyndir að breyttri nýtingu á húsnæði Patreksskóla :

1. 1-3 bekkur verður áfram í neðri skóla ásamt yngri hóp af leikskólanum.
2. Núllbekkur í neðri skóla 5- 6 ára börn í 2 stofum + myndmenntarstofan.
3. Myndmenntar kennsla og handmennt færð í núverandi kaffistofu kennara. Listgreinakennsla færi þar fram. Nálægð við útgang út í útikennslustofu, þar sem vaskur og aðstaða til að skola áhöld og pennsla. Handmennt í innri hlutanum , myndmennt í glugga hlutanum.
4. Heimilifræðistofan í neðri skóla, yrði meira opin inn í myndmennt, og myndmenntarstofan væri nýtt undir matsal fyrir neðri skólann. 1- 3. bekk, leikskóla og lengda viðveru. Hægt að stúka af frá heimilsfræði eða opna allt eftir þörfum. Bæta aðstöðu í heimilsfræðistofu eins og þarf.
5. Tölvustofan á efri hæð gamla skóla færi undir 4 .bekk. Sú stofa er í dag nýtt undir sérfræði aðstoð frá Tröppu og er einn nemandi og stuðningsfulltrúi með nemendanum þegar hún er nýtt. Það mætti fara í minna rými.
6. Á efri hæð gamla skóla yrðu því 4 árgangar, 4-5-6-7 bekkur. Skólastjóri og sérkennslustofa.
7. Óbreytt neðri hæð gamla skóla.
8. Skor er í dag ekki nýtt undir starfsemi Patreksskóla, lagt er til að skoða að starfsemi Skor verði færð og það rými verði nýtt undir bættu vinnuástöðu kennara, kaffistofa, fundarherbergi verði samnýtt sem kaffistofa og fundarherbergi, viðtalsherbergi og stærra rýmið nýtt undir undirbúnings og vinnurými kennara.
9. Skólaskrifstofa verði í rými þar sem sérkennslustjóri með skrifstofu. Viðtalsherbergi og ljósritunaraðstaða ofl. Myndi þetta bæta aðstöðu kennara til muna. Opna þaðan inngang í kennarastofu / SKOR. Ef ekki er talin þörf á því er hægt að nota skrifstofu sérkennara í óbreyttri mynd.
10. Aðgreina inngang nemenda FSN og kennara Patreksskóla með því að opna nýjan inngang inn í FSN frá anddyri SKOR, inngangur nemenda yrði inn í rými sem í dag er afar ílla nýtt sem liggur næst útidyrhurð.
11. Sameiginlega kaffistofa í SKOR fyrir Patreksskóla, starfsmanna FSN og nýrrar starfsemi á neðri hæðinni sem er hluti af leikskólanum og frístund. Tónlistarkennara og bókasafnsvarðar. Ein heild.

12. Sérkennsla, færi í fundarherbergi á efri hæð Patreksskóla, þar færi fram sérkennsla í fundarherbergi og stuðningsherbergi sem núna er nýtt sem bókageymsla. Þar gæti færi fram tölvusamskipti við Tröppu.
13. Skrifstofa skólastjóraóbreytt á sínum stað.
14. Bókageymslur við smíðastofu, bókageymsla efri hæð eldri skóla færð og nýtt í sérkennslu, tölvuaðstöðu f. Tröppu
15. Tónlistarskólinn yrði áfram í félagsmiðstöðinni, endurskipuleggja betur það rými svo hægt væri að nýta herbergi hinum megin á ganginn undir grunnskólann ef þörf er á.
16. Skor. Tímabundið amk. að færa í Aðalstræti 63, þar til það er selt. Aðrar hugmyndir sem fram hafa komið fyrir starfsemi Skor, framtíðarlausnir aðrar: Þekkingarsetur í Verbúðinni - fá leigu tekjur þar inn og samlegð af samstarfi við Húsið, meira líf og fjör í það hus. Vatneyrarbúð - Hugsanleg hægt að setja hluta starfsemina í Vatneyrarbúðina, það er líka spennandi framtíðarpæling, sér í lagi með Minjasafnið og Umhverfisstofnun. Ólafshús: Til hefur staðið að fara í breytingar á efri hæð á Ólafshúsi. Athuga hvort með breytingum á Ólafshúsi væri möguleg skrifstofu aðstaða fyrir Skor þar.
17. Matsalur - Opna sturtur, eldhúsið helst fært, bæta við rými og gott pláss fyrir andyri, fatahengi, aðalinngang fyrir börnin inn á matsal. Hætta að troðast í mat. Aðgengi að matsal er ekki gott eins og er í dag myndast flöskuháls.
18. Gamla skóla , efri hæð er lagt til að opna milli efri hæðar gamla skóla og eðlisfræðistofu, og með því er ma. brugðist við athugasemd brunaeftirlits um auka brunautgang. Með því að opna af efri hæð myndir það líklega auka nýtingu á skólastofunni ef hún væri aðgengilegri. Stofan er ekki nægilega vel nýtt eins og er að mati skólastjórnenda.
19. Opna rýmin hugsanlega frekar á 1. hæð neðri skóla með frekari nýtingu á rými til aukinnar flæði í skólastarfi og meiri samvinnu, þarf að skoða betur.
20. Neðri skóla, skoða hvort hægt að færa tölvuherbergi, svokölluð stjórnstöð, serverarar út úr skólastofunni.
21. Smíðastofan er vel hönnuð og til fyrirmyndar, ekki ástæða til að breyta því. Nema hægt væri að bæta aðgengi um smíðastofuna, með því að nota sér inngang í smíðastofuna utanfrá beint inn í smíði fyrir nemendur efri skóla. Setja þarf fatahengi í því rými, þannig er hægt að minnka umgang á ganginum hinum megin frá og minni hætta að ungir nemendur fari óvart

í smíðastofuna sem gæti verið hættuleg þeim þar sem mikið um tól og tæki sem þau mega ekki komast í nema undir eftirliti.

22. Lengd viðvera / frístund færi fram eftir hádeigi í neðri skóla, samnýta starfsfólk og húsnæði og sparar leigu. 1.200.000 á ári.
23. Matsalur, gamli íþróttasalurinn, nauðsynlegt er að laga hljóðvist, áhersla lögð á að sett verði milliloft þeas. efri hæð. 15.000.000 kr kostnaðaráætlun, þar fengist 150 m² rými til viðbótar.
24. Mötuneytis eldhús fært yst í salinn, þar yrði stórbætt fullkomið eldhús sem hægt væri að vera með matráð í og elda allan skólamat, bætt aðgengi vörumóttaka. Tengja við nýja heimilisfræðistofu á efri hæð, og hægt að vera samvinnu milli mötuneytis og skólaeldhús þar sem börnin taka meira þátt í matreiða sinn eigin mat, ræktun, þvott, heimilishald og þrif ofl.
25. Nýtt eldhús gæti þjónað bæði leik og grunnskóla.
26. Svið sett í salinn. Hugmyndir að opna frekar, bæta við opnu skemmtilegu millirými, samkomusal á milli efri og neðri skóla.

Heimildaskrá

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 655/2009.

Þróstur Ernir Viðarsson. (2019, 1.febrúar). Áhyggjur af plássleysi leikskólabarna. *Vikudagur.is*. Sótt af <https://www.vikudagur.is/is/frettir/ahyggjur-af-plassleysi-leikskolabarna>.